

Stefnd hefir hvorki mætt né látið mæta og er henni þó löglega stefnt. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., sbr. tilsk. 15. ágúst, 1832, 8. gr., að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Mánudaginn 20. júní 1932.

Nr. 23/1932. **Árni Sigfússon** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Stefáni Árnasyni (Guðm. Ólafsson).
og bæjarfógeta Kr. Linnet. (Enginn).

Ómerking uppboðs.

Uppboðsgerðir Vestmannaeyja 29. ágúst 1931.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 28. dez. 1930, krafðist stefndi, Stefán Árnason, sem umboðsmaður Páls Magnússonar, f. h. Kaupfélags Héraðsbúa, að fjárnám yrði gjört hjá áfrýjanda til lúkningar dómskuld á hendur honum, að upphæð 623 kr. 70 a., að meðtöldum áföllnum vöxtum og kostnaði samkvæmt dómi gestaréttar Suður-Múlasýslu 20. nóv. 1930. Var fjárnámsbeiðni þessi tekin til meðferðar í fógetarétti Vestmannaeyjakaupstaðar 26. ágúst f. á., og vísaði áfrýjandi þá á í fjárnámið dómkröfu, er hann átti á hendur Sigurði nokkrum Ingimundarsyni, samkvæmt dómi aukaréttar Vestmannaeyja, gengnum 4. maí f. á., að upphæð 4836 kr. 36 a., og var fjárnámið gjört í dómkröfu þessari ásamt vöxtum, en þremur dögum eftir að fjárnám þetta fór fram, eða þ. 29. ágúst f. á. voru ýmsar vefnaðarvörur seld-

ar á opinberu uppboði í Vestmannaeyjum eftir kröfu stefnda Stefáns Árnasonar, og lét hann á því uppboði einnig bjóða upp og selja fyrrgreinda dómkröfu áfrýjanda og varð sjálfur hæstbjóðandi að henni fyrir 50 kr., og fór sala þessi fram, án þess nokkuð hefði verið auglýst um að selja ætti dómkröfuna á uppboðinu eða áfrýjandi verið aðvaraður um það.

Uppboði þessu að því er snertir söluna á dómkröfu áfrýjanda hefir nú áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 8. febr. þ. á., og er málið skyldi flutt í hæstarétti 29. apríl þ. á., var mætt af hálfu áfrýjanda og stefnda, Stefáns Árnasonar, en af hálfu uppboðsráðanda, bæjarfógeta Kristjáns Linnet, sem stefnt hefir verið til ábyrgðar, mætti enginn og hefir málið því verið flutt skriflega fyrir hæstarétti samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að framangreint uppboð verði ómerkt að því, er snertir söluna á dómkröfu áfrýjanda á hendur Sigurði Ingimundarsyni, og að báðir hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað í hæstarétti.

Af hálfu Stefáns Árnasonar hefir það verið viðurkennt, að uppboðið á dómkröfunni hafi eigi verið auglýst lögum samkvæmt og er því ómerk-ingarkröfunni ekki mótmælt, en hann hefir krafizt sýknunar af málskostnaðarkröfu áfrýjanda og byggir það á því, að áfrýjun uppboðsins hafi verið óþörf, þar sem dómkrafan hafi að hans tilhlutun þ. 2. marz þ. á. verið seld á öðru uppboði að undangenginni lögmætri auglýsingu, og sé fyrra uppboðið þar með fallið úr gildi.

Svo sem sagt hefir verið var umrædd dómkrafa seld á uppboðinu 26. ágúst f. á., án þess nokkuð

hefði verið auglýst um sölu hennar og án þess áfrýjandi væri aðvaraður um að salan ætti fram að fara, og verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja uppboðið að því er snertir sölu dómkröfunnar.

Viðvíkjandi málskostnaðarkröfu áfrýjanda á hendur uppboðsráðandanum, bæjarfógeta Kristjáni Linnet, athugast, að lögum samkvæmt hvílir engin skylda á uppboðsráðanda til að auglýsa eða sjá um auglýsingu lausafjáruppboða, nema uppboðsbeiðandi krefjist þess. Og þar sem nú skjöl málsins bera þess engan vott, að þess hafi verið krafizt, að hinn stefndi uppboðsráðandi auglýsti uppboð það, er hér ræðir um, verður að sýkna hann af málskostnaðarkröfu áfrýjanda. En hinsvegar getur það ekki leyst stefnda, Stefán Árnason, undan skyldu til að greiða málskostnað, að hann á ný lét selja dómkröfuna á öðru uppboði; er fer fram gegn mótmælum áfrýjanda eftir að áfrýjunarstefnan í máli þessu var gefin út, og verður því að dæma hann til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 150. kr.

Því dæmist rétt vera:

Uppboð það, er fram fór í uppboðsrétti Vestmannaeyja þ. 29. ágúst 1931, á að vera ómerkt að því er snertir sölu á fyrrgreindri dómkröfu á hendur Sigurði Ingimundarsyni.

Stefndi, Stefán Árnason, greiði áfrýjanda, Árna Sigfússyni, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

